

Félagsfundur KFÍ

haldinn í húsnæði Sjálfstæðisflokksins við Aðalstræti á Ísafirði

fimmtudaginn 18. desember 2014 kl. 18.

Í upphafi fundar var gerð tillaga um Shiran Þórisson sem fundarstjóra og Birnu Lárusdóttur sem ritara fundarins.

1. Boðun fundarins.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins enda var til hans boðað samkvæmt 9. gr. laga KFÍ um aukafund.

2. Vinna undirbúningsnefndar um sameiningu íþróttafélaga á norðanverðum Vestfjörðum.

Gísli Jón Hjaltason, formaður Boltafélags Ísafjarðar, og Sævar Óskarsson, fyrrverandi formaður KFÍ, kynnti vinnu undirbúningsnefndar um sameiningu íþróttafélaga á norðanverðum Vestfjörðum en þeir hafa undanfarin misseri unnið að gerð tillagnanna og kynnt þær fyrir íþróttafélögum á svæðinu. Með þeim hefur starfað Sigurður Hreinsson, formaður Blakfélagsins Skells.

Umræður urðu um kynningu þeirra Gísla Jóns og Sævars.

3. Tillaga um þátttöku KFÍ í nefnd um sameiningu íþróttafélaga á norðanverðum Vestfjörðum.

Sævar Óskarsson lagði fram svohljóðandi tillögu:

Félagsfundur KFÍ haldinn 18. desember 2014 samþykkir að taka þátt í stofnun sameiningarnefndar vegna hugsanlegrar sameiningar íþróttafélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Sameiningarnefndin verður skipuð fulltrúum þeirra íþróttafélaga sem munu taka þátt í sameiningarferlinu. Tveir menn frá hverju félagi sitji í nefndinni og mun nefndin velja sér oddamann utan hópsins.

Sameiningarnefnd hefur umboð til að fjölga félögum í sameiningarferlinu á meðan umboð hennar stendur.

Nefndin skal skila niðurstöðu fyrir 1. apríl 2015 og skal tillaga nefndarinnar um sameiningu, ef það verður tillaga nefndarinnar, vera tekin fyrir á félagsfundi KFÍ.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Tilnefning tveggja fulltrúa í sameiningarnefndina.

Fundarstjóri lagði til að Sævar Óskarsson og Guðni Ólafur Guðnason yrðu fulltrúar KFÍ í sameiningarnefndinni.

Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál voru borin upp.

Fundi slitið 19.00